

Skaftárhreppur  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
16. nóv. 2012
8.14.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. nóvember 2012  
Tilvísun: UST20120200145/edk

### Staðfesting á úrbótum móttækin - hætt við álagningu dagsekta

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 16. október 2012 þar sem álagningu dagsekta vegna frávíka á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi var frestað til 1. nóvember 2012, en þá hafði staðfesting á úrbótum á öllum nema einu frávíki skilað sér til Umhverfisstofnunar, og úrbætur vegna síðasta frávíksins stóðu þá yfir og var dagsektum frestað til að gefa starfsleyfishafa tækifæri til að ljúka þeirri vinnu.


Frávikið sem stóð út af varðar óreiðu á urðunarstað og blöndun úrgangsflokka. Þann 31. október sl. bárust Umhverfisstofnun myndir sem sýna að mikið hreinsunarstarf hefur átt sér stað á svæðinu, sem nú er komið í viðunandi horf. Umhverfisstofnun fellur því frá álagningu dagsekta vegna þessa frávíks. Umhverfisstofnun vonast til þess að starfsleyfishafi leggi metnað sinn í að halda svæðinu snyrtilegu til frambúðar, og útilokar ekki fyrirvaralaust eftirlit á staðinn eigi fulltrúar Umhverfisstofnunar leið um í nágrenninu.


Í bréfi dagsettu 16. október sl. var einnig fjallað um grunnvatnsbrunna, en starfsleyfishafi hafði aðeins sett niður tvo sýnatökubrunna við urðunarstaðinn en ekki þrjá líkt og drög að nýju starfsleyfi gera ráð fyrir. Starfsleyfishafi hafði þá tilkynnt Umhverfisstofnun að síðasta sýnatökubrunninum yrði komið fyrir eigi síðar en 19. október. Þann 15. nóvember 2012 barst Umhverfisstofnun staðfesting frá rekstraraðila um að sýnatökubrunninum hefði verið komið fyrir.

Eftirfylgnimáli vegna þeirra frávíka sem greindust við reglubundið eftirlit með urðun á Stjórnarsandi árið 2011 er nú lokið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 446/2012.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
deildarstjóri